

Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fullorðinna

Texti á einföldu máli

Ráð-gjafar- og greiningar-stöð gerir fyrir sveitar-félög og Jöfnunar-sjóð sveitar-félaga Staðlað mat á umfangi stuðnings-þarfa fyrir fullorðna (Supports Intensity Scale Adult's Version, SIS-A). SIS mat. Matið er fyrir fatlað fólk á Íslandi, það metur hvaða stuðning fatlað fólk þarf til að lifa hefð-bundnu lífi og til að geta tekið fullan þátt í sam-félaginu.

SIS-matið er fyrir fólk 18 ára og eldri. Það metur stuðnings-þarfir fatlaðs fólks borið saman við fatlaða og ófatlaða.

Þátt-takendur í SIS-mati fá upp-lýsingar hjá starfs-manni sem veitir þjónustuna um matið, hvernig það er framkvæmt og af hverju.

Skrifa þarf undir sam-þykki áður en matið fer fram.

Matið er tekið af Sér-fræðingi í SIS-mats-kerfi sem hefur lært á matið og hefur reynslu af að vinna með fötluðu fólki.

Það er fram-kvæmt á skrif-stofu hjá sveitar-félaginu.

Sér-fræðingur í SIS-mats-kerfi hittir þjónustunotanda og starfs-mann sem þekkir hann vel.

Starfs-maður þarf að hafa þekkt þjónustu-notanda í 3 mánuði

- Hafa unnið heima hjá honum
- Þekkja stuðnings-þarfir hans í dag-legu lífi
- Vita ef hann hefur sjúk-dóma, hvaða lyf hann tekur og meðferð við þeim

Viðtal getur tekið 2 klukku-stundir.

Þjónustu-notandi getur valið að hafa með sér ættingja eða vini í viðtalinu.

Þjónustu-notandi getur óskar eftir að fá heimsókn á heimili sitt.

Starfs-maður sveitar-félags sér um að skipu-leggja og undir-búa við-talið.

Upp-lýsingar eru geymdar hjá Ráð-gjafar- og greiningar-stöð.


Niður-stöður eru sendar til Jöfnunar-sjóðs sveitar-félaga og notaðar til að fjármagna þjónustu sveitar-félaga vegna sér-þarfa fatlaðs fólks.

Ítar-legar niður-stöður eru sendar til starfs-manns sveitar-félagsins.

Starfs-maður sveitar-félags kynnir niður-stöðurnar fyrir þjónustu-notanda eða talsmanni.

Niður-stöðurnar nýtast til að gera einstaklings-áætlun um stuðning.

Kópavogur janúar 2026



Guðný Stefánsdóttir